

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Reykholt.*

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi þéttbýlisins í Reykholti, sem felur í sér að settar eru inn tvær nýjar lóðir fyrir spennistöðvar. Önnur er við Miðholt 8, 171,8 m<sup>2</sup> að stærð og hin við Brekkuholt 1A, 173,7 m<sup>2</sup> að stærð. Stærð húsa á hvorri lóð verður allt að 15 m<sup>2</sup>. Gerð er breyting á töflu 4.5. (iðnaðarsvæði) um iðnaðarlóðir í greinargerð og ofangreindum lóðum bætt í töflu.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2020.

*Deiliskipulagsbreyting, Gullfoss ½, L167192, reitur M3.*

Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi friðlandsins við Gullfoss, reit M2, neðra útsýnissvæði. Gerð er ítarlegri grein fyrir bílastæðum svæðisins, þar með töldum raffhleðslustöðvum. Settur verður út byggingarreitur fyrir sand- og verkfærageymslu auk aðkomureits. Þá verða gerðar breytingar á göngustígum efra svæðis M3.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 5. maí 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. maí 2020